

FUNDARGERÐ

169. fundar skipulags- og byggingarnefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Miðvikudagur 24. febrúar 2010 kl. 17:00.

Mættir: Undirritaðir aðalfulltrúar skipulags- og byggingarnefndar Sigurður Ævar Harðarson mætir í stað Karls Pálmasonar. Einnig er mættur Gísli Gíslason skipulagsfulltrúi, Benedikt Björnsson skipulagsráðgjafi og Ívar Páll Bjartmarsson slökkviliðsstjóri.

Ritari fundarins: Helga Ólafsdóttir

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Gerðir fundarins:

1. Sólheimahjáleiga.

Elín Einarsdóttir sækir um leyfi til að 289,3 m² gistiús í landi Sólheimahjáleigu. Steinþór Víkur af fundi. Erindið er samþykkt með fyrirvara um að húsið standist kröfur um brunavarnir. Steinþór mætir á fundinn.

2. Deiliskipulag – Sólheimajökull

Tillaga að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði við Sólheimajökul var auglýst 22. desember 2009. Umsagnir bárust frá Fornleifanefnd ríkisins og Umhverfisstofnun. Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag.

3. Deiliskipulag – Reynisfjara

Tillaga að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði í Reynisfjöru var auglýst 22. desember 2009. Afgreiðslu frestað.

4. Grenndarkynning

Samkvæmt ákvörðun nefndarinnar á fundi 167 hefur farið fram grenndarkynning á hugmyndum um að íbúðarhúsið að Myllulandi 8 verði nýtt sem gistiheimili fyrstu árin. Erindið fjallar um óverulega breytingu á deiliskipulagi sbr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Engar athugasemdir bárust. Steinþór víkur af fundi. Páll víkur af fundi. Þráinn óskar eftir frekari umræðu um málið þar sem þetta er fordæmisgefandi. Málinu frestað. Steinþór og Páll koma á fundinn. Ívar Páll fer af fundi.

5. Aðalskipulag 2009-2025.

Farið var yfir framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi og tillögur nefndarinnar að svörum við þeim. Helstu efnislegu breytingar sem lagt er til að gerðar verði á skipulagsgögnum eru þessar:

- Tekið er undir óskir um fækkun reiðleiða og gönguleiða.
- Gert verður ráð fyrir að sjóvarnargarðurinn í Víkurfjöru geti verið nær sjó en sýnt er í auglýstri tillögu.
- Opið svæði til sérstakra nota í Dyrhólaey er minnkað verulega frá auglýstri tillögu.

Miklar umræður urðu um legu Suðurlandsvegur um Mýrdal í ljósi athugasemda sem gerðar voru við hann. Meirihluti nefndarinnar stendur við þá ákvörðun að veglína 3 verði á aðalskipulagi 2009-2025. Lögð var fram eftirfarandi bókun frá Páli Tómassyni og Steinþóri Vigfússyni: Eftir fundi með fulltrúum skipulagsstofnunar og umhverfisstofnunar ásamt því að hafa farið yfir

umsagnir og athugasemdir þeirra, má búast við mikilli töf og jafnvel synjun ráðherra með tilheyrandi tapi á tíma sem sveitafélagið má ekki við í baráttunni við landbrotið í Víkurfjöru. Þau svör fengust hjá skipulagsstofnun að ekki yrðu heimilaðar neinar framkvæmdir við sjóvarnargarð fyrir en aðalskipulag hefur verið staðfest. Búið er að ráðstafa fé af fjárlögum í fyrsta áfanga framkvæmdarinnar sem þarf að nýta og óvíst er hve lengi það fé verður til boða í núverandi ástandi ef útboð og framkvæmd stranda á skipulagsmálum. Í stað þess að tefla aðalskipulaginu í tvísýnu má bregðast við með frestun á skipulagi svæðis sem nær til veglínu 3 vestan Reynisfjalls. Þó að brýnt sé að klára að setja niður veglínu, er það ekki jafn brýnt og að fá staðfest aðalskipulag fyrir sjóvarnir og aðrar framkvæmdir í sveitafélaginu. Undirritaðir eru þeirrar skoðunar að fresta ætti skipulagi á því svæði sem nær til veglínu 3 vestan Reynisfjalls í aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mætir á fundinn: Sveinn Pálsson, Sif Hauksdóttir, Karl Pálmason, Ólafur Björnsson og Elín Einarsdóttir og kynntar fyrir þeim afgreiðslur fundarins.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl:
21:30

Helga Ólafsdóttir	Páll Tómasson Formaður	Steinþór Vigfússon
Sigurður Ævar Harðarson		Þráinn Sigurðsson
Gísli Gíslason		